Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa- og málasafn 1963

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Dómsmálaráðherra – Heilbrigðismálaráðherra – Iðnaðarmálaráðherra – Bréf – Árni Helgason – Ásberg Sigurðsson – Helga Valtýsdóttir – Jóhann – Jónas Pétursson – Tage Larsen – Theodór Jónsson – Þorsteinn Víglundsson – Nokkri Sjálfstæðismenn af Vestfjörðum

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-29, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

6.mars 1963.

Hr.Bjarni Benediktsson
formaður Sjálfstæðisflokksins
Reykjavík.

Hæztvirtur dómsmálaráðherra.

Við biðjum velvirðingar á þessu ónæði en "neyðin kennir naktri konu að spinna" og þar eð blasir við okkur mikil neyð,verðum við að snúa okkur til þess manns er við treystum bezt og hefur valdið til að kæn koma í veg fyrir hneyksli,sem flokkurinn og við kjósendur hans ættum erfitt með að þvo af okkur.

Við vestfirðingar höfum átt því láni að fagna að hafa haft sterka og duglega fulltrúa fyrir okkur á þingi undanfarandi ár.Þessir menn hafa hvarvetna verið kjörnir til forystu. Nú er okkur hinsvegar kunnugt um að moldvörpustarfsemi og samningar nokkra manna er svífast einskis,nema hlaða undir sjálfan sig og sína verða þess valdandi að kasta á þeim fulltrúum,er á undan hefur verið minnst á út af lista okkar.Kasta á Gísla Jónssyni og Kjartani Jóhannssyni út af lista okkar ogþeirra í stað eiga að koma tveir atvinnupólitíkusar Sigurður Bjarnason bitlingamesti pólitíkus Íslands og Þorvaldur Garðar Kristjánsson framkvæmdastjóri flokksins,sem í réttu ef ætti að vera fulltrúi á Alþingi,færi þá fram í Reykjavík.Síðast skal frægann telja,Mattías Bjarnason sem allir hafa verið sammála um að hefur ekkert fylgi á vestfjörðum og yrði flokknum alltaf erfiður dragbítur. Þessir herrar hafa eyðilagt alla virðingu sem þeir höfðu hjá fólkinu með því að rotta sig saman og frmja níðingsverk á flokknum og kjósendum.

Vér vitum að þér eruð sanngjarn og heiðarlegur foringi okkar og við trúum því ekki fyrr en á reynir að þér eftir að hafa kynnt yður málið nánar takið ekki í taumana alveg eins og þér munduð

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gera ef hefta ætti ódæðisverk í dómsmálum þjóðarinnar en öllum er kunnugt um réttlætiskennd yðar og virðingu fyrir landslögum, sem þér einnig hafið samið svo mörg sjálfur.

Vér viljum vinsamlegast benda á að Mattías hefur ár eftir ár svívirt núverandi ríkisstjórn heima fyrir og ef nú á að verðlauna verkið með þriðja sæti á listanum verða magir sem spyrja hvað þarf til að komast á lista flokksins. Um Sigurð og Þorvald er það að segja að við álítum þá aftur á móti meinleysis menn og höfum ekki haft neitt á móti þeim en það vaknar nú hjá okkur þessi spurning, að ef þeir geta gert hrossakaup við höfuðandstæðing sinn til þess eins að tryggja sig sjálfs hvað geta þeir þá gert við andstæðinga sína þegar á þing og í valdastöður er komið.

Takist ekki að hindra þessa samninga munum við sjá hnignun flokksins á vestfjörðum . Við munum tvímælalaust missa fyrsta sætið til Hermanns og jafnvel tapa einum manni, svo mikið er persónufylgi þeirra manna er á að kasta. Þá verður erfitt í fyrsta skipti að bera höfuðið hátt sem Sjálfstæðismaður. Hvers eigum við að gjalda.

Við sitjum allt okkar traust á yður sem flokksforingja til að koma í veg fyrir glæpinn og teljum flestir að óbreyttur framboðslisti yrði sterkastur fyrir okkur og einingu flokksins hér.

Megi Guð og gæfan fylgja yður í baráttunni fyrir þjóðina ,réttlætið og okkur sjálfstæðismenn nú á þessari stundu sem áður og í framtíðinni. Megi yður auðnast að leiða flokk okkar gegn um stórkostlegan sigur í komandi kosningum og þjóð vora um komandi ár.

Virðingarfyllst,

NOKKRIR SJALFSTÆÐISMENN AF VESTFJORÐUM SAMANKOMNIR A ISAFIRÐI TILBUNIR I BARATTU FYRIR FLOKKINN

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar. © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Khöfn. 27. maí '63

Kæri vinur!

Ég þakka bréf þitt, sem ég fékk í dag. Fyrir þín orð mun ég skrifa nokkrum óánægðum kunningjum mínum á Ísafirði. Engan tekur tekur sárar til niðurlægingar flokksins á Ísaf. en mig. Í áratug tókst mér að halda Matthíasi Bjarnasyni niðri og skapa frið og einingu innan flokksins og fullkomna samstöðu við allar kosningar. Valdinu var skipt. Kjartan læknir var þingmaður, Matthías Bjarnason foringinn í bæjarmálum og ég hafði atvinnumálin og studdi hina, hvorn á sínu sviði. Þessi þrískipting valdsins mæltist vel fyrir hjá hinum almenna flokksmanni. Nú hefir Matthíasi tekizt með aðstoð Einars bankastjóra að sölsa allt undir sig. Ofurvald M.Bj. mælist illa fyrir í Staðnum, enda maðurinn óvæginn og varla svo mannkostamaður, að heppilegt sé, að hann hafi of mikil völd. Ég reyndi í vetur að koma í veg fyrir, að Kjartani lækni yrði sparkað af þingi. Ég skrifaði hvað eftir annað þeim mönnum, sem töldu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sig réttkjörna til valda á Vestfjörðum,
Sigurði Bjarnasyni og Þorvaldi Garðari og
benti þeim á, að nauðsynlegt væri, að Kjartan
yrði a.m.k. í 2ja sæti, og að Matthías hefði
ekki við 3 sæti. Taldi ég Kjartan það einsælan,
að flokkurinn tapaði 50-60 atkv., ef hann
yrði ekki með. Auk þess taldi ég, að MBj.
yrði við næstu kosningar ofjarl þeirra beggja,
ef hann fengi 2ja sætið nú. Þessum ráðum
var ekki sinnt. Sigurður frá Vigur taldi sig
engin áhrif geta haft á skipan listans.
Hann ætlaði aðeins og stuðla að einingu og
samstöðu innan flokksins. (sbr. spakl Gísla og Kjartans)
Sigurður frá Vigur hefur, að mér skilst, ekki
lokið því hlutverki sínu að koma friði og einingu
á. Ekki einu sinni milli 2ja efstu manna listans,
og ekki hefði hinna dansa línunni. Óeining í forystu
eins flokks eða lista hlýtur óhjákvæmilega að
hafa fylgistap í för með sér. Það er gömul og ný
reynsla, sem hvorki ég eða þú getur breytt,
því miður vil ég segja. Meðan MBj verður
í framboði verður óeining meðal forystumanna
listans og þá einnig meðal flokksmanna og
þá líka fylgistap. Enginn flokkur, ekki einu
sinni Sjálfstæðisflokkurinn hefur efni á því að
hafa ódrengi í framboði. Ég skrifaði

nokkrum vinum mínum í vetur og bað þá að taka vel á móti Þorvaldi Garðari. Taldi ég Þorvald Garðar mætan dugnaðarmann, sem Vestfirðingum væri hagur í að efla til áhrifa og valda. Ég fékk þá mjög daufar undirtektir. Mér var svarað, að MBj og lið hans vissi allt um Þorvald Garðar og það væri nú svart. Sama er að segja um Sigurð Bjarnason. Matthías uppnefnir jafnvel þessa flokksbræður sína og baráttufélaga og heldur ógeðlega eða: Þorvaldur „Skollapungur“ og Sigurður „nefill“. Er von til að listi með slíkum herrum vinni mikið fylgi? Enginn maður fær haldið virðingu sinni eða áliti, sem er svo ógæfusamur að verða á vegi MBj. Allir greindari menn flokksins á Ísafirði hafa verið á móti MBj, nema Einar bankastjóri. Bankavaldið er líka sterkt á Ísafirði. Fáir þora að vera á móti bankastjóra sínum, jafnvel ekki Einar Guðfinnsson í Bolungarvík og synir hans. Ef ég má koma með ábendingu, þá vil ég leggja mikla áherslu á, <u>að Einar, bankastjóri verði fluttur til</u> í annað starf á vegum bankans. Meðan MBj. hefur Einar að bakhjalli í öllum sínum stráka- og heimskupörum,

verður engu tauti við hann komið. Sundrungin er áreins að byrja. Hann hætti ekki fyrr en hann hefir svælt bæði Sig. Bj. og Þorv. Garðar burt af Vestfjörðum. Hann hefir undanfarið verið að koma fleiri og fleiri góðum mönnum burt úr bænum. Séra Páll Halldórsson er næstur. Getur séra Páll Halldórsson ekki fengið embætti skattstjórans? Því er hæfileika maður sem hægt er að treysta fyrir <u>hverju sem er</u>.

Ég efast um, að þú gerir þér fulla grein fyrir vandræðunum á Vestfjörðum. Þau eru öll sök eins manns, sem þegar er kominn lengra í þjóðfélaginu en hæfileikar hans gefa tilefni til. Bóksalinn, sem er svo fákunnandi, að hann getur ekki stautað sig fram úr erlendu blaði eða bók hyggst nú verða ráðherra innan nokkurra ára. Bankavaldið á Ísafirði og áhrifamenn í Reykjavík vinna að því ötullega að þetta takist. Öllum skal ýtt til hliðar fyrir hann. Hinn almenni flokksmaður skilur ekki allt þetta tiltæki. Hann er íhaldsamur og vill halda tryggð og trúnað við þá menn, sem hann hefir unnið með og kosið á undanförnum árum. Það er meira en lítið að, þegar eldheitir

Flokksmaður, eins og Elías J. Pálsson, treystir sér ekki til að vera meðmælandi listans á Vestfjörðum. Aðgát skal höfð í nærveru sálar. Það er nýkenning, að <u>óvinsældir og skapbrestir eigi að skapa mönnum sérstakan rétt til framboðs og þingsetu</u>. Ég held, að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki ráð á að hafa MBj í framboði til lengdar. Í síðasta áratug bað ég ísfirska kjósendur að láta flokkinn ekki gjalda þess að MBj væri á listanum. Alltaf fékk listinn miklu færri atkvæði en Kjartan læknir. Við síðustu bæjarstjórnarkosningar voru tugir flokksmanna ákveðnir í að kjósa listann ekki. Á kosningadaginn kl. 6 gafst MBj upp og fór grátandi til Kjartans læknis og bað hann að sækja fólkið. Sjálfur lagðist MBj í rúmið og kom ekki nærri neinu. Kjartan náði atkvæðum flokksins 100% <u>Sigurinn var Matthíasar</u> og gaf honum rétt til að sparka Kjartani af þingi árið eftir. Í dag biður Sigurður frá Vigur kjósendur að láta flokkinn ekki gjalda þess, að MBj er á listanum í 3ja sæti. Hvert verður honum sparkað? Alltaf hafa allir reynt að hjálpa þessum –

manni en þakklætinu hafa verið skriftnar.
Matthías Bjarnason er orðinn of valdagur á Vestfjörðum. Það er ekki holt, hvorki fyrir hann eða flokkinn. Það þarf að dreifa valdinu á ný. Það þarf að fá nýjan bankastjóra á Ísafirði, sem hefur bein í nefinu til að vera á móti MBj., ef því er að skipta. Það þarf yfir höfuð að fá nýja menn vestur. Góða menn, sem vilja vinna af heilindum fyrir flokk sinn og styðja þá menn drengilega, sem eru í framboði fyrir hann. Samstillt forusta ein, getur komið flokknum upp úr þeirri niðurlægingu og andstyggð, sem hann nú er í. Að fá nýja menn og góða var kjörorð okkar gamla látna vinar, Hannesar Halldórssonar. Þar hafði hann rétt fyrir sér, eins og svo oft, og á svo mörgum sviðum. Sundurlyndisfjandinn verður að víkja á Vestfjörðum. Með nýjum mönnum skapast nýtt andrúmsloft og nýjir sigrar. Að lokum ítreka ég það, að ég mun hvetja kunningja mína til að styrkja og efla flokk okkar fyrir vestan og óska þess, að þessar kosningar verði mikill sigur fyrir Sjálfstæðisflokkinn og viðreisnarstefnuna.
Konan mín og ég biðjum svo að heilsa!

Þinn einl. Kolbeinn Sigurðsson

Reykjavík, 22. júlí 1963

Kæri Bjarni.

Heldur vildi ég skrifa þér bréf um eitthvað annað en peningamál. En sennilega verð ég héðan í frá að gera mér meiri grein fyrir hvaða gildi slík mál hafa og þroska skilning minn á afstöðu okkar gagnvart Morgunblaðinu og umheiminum.

Ég brá mér á fund Sigfúsar til að spyrja hann hvort ákveðið hafi verið eitthvað í sambandi við útborganir, eða hvaða nafni það ætti nú að nefnast, okkur til handa. Ég veit að þú hefur ekki náð til mín til að ræða þetta - og það er fyrst núna, sem ég hef fundið mig knúða til að brjóta upp á þessu hvimleiða umræðuefni.

Ég veit ég þarf ekki að fjölyrða um útgjöld átta manna fjölskyldu, né segja þér frá kaupi Björns. Hinsvegar verðum við að greiða hátt í kr. 4.000,- á mánuði fyrir heimilisaðstoð. En laun mín við t.d. Ríkisútvarpið og þær kr. 3.000,-, sem gefnar eru upp á Mbl., hækka skatta og útsvar Björns svo mikið, að ekki væri unnt að lifa fyrir afganginn.

Meðan pabbi lifði fóru út af heimilinu til hins opinbera um og yfir kr. 10.000,- á mánuði. Þá, þrátt fyrir hæfileikaskort minn á búhyggindum, blessaðist allt - sem það virðist ekki ætla að gera núna. Svo ég segi átta til tíu þúsund krónur á mánuði til okkar og það sama til Huldu og Gunnars gerði okkur allt auðveldara.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þetta er ekki krafa eða ásælni. Við leggjum þetta fram sem ósk og spurningu, sem yrði rædd með það í huga að aðrir hluthafar fengju sinn hag bættan á þann hátt, sem sanngjarnt þætti.
Eins og ég sagði í upphafi bréfsins - mér er ljúfara að ræða annað en peningamál. Ég lofa því samt Bjarni að árin skulu gera okkur hæfari, þó okkur í dag veitist erfitt að láta skoðanir okkar í ljós þegar setið er á rökstólum með færasta manni þjóðarinnar. Við þurfum líka tíma til að jafna okkur á því og skilja að við erum orðnar tengiliður milli þess sem var og er, og höfum skyldu til að gróðursetja í hugum afkomendanna minninguna um verðleika foreldra okkar.
En þetta átti að vera bréf um peningamál - og það er það víst.

Blessaður,

Helga Valtýs.

Hr. dómsmálaráðherra

Bjarni Benediktsson

Reykjavík

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Séra Jóhann S. Hlíðarþ

Sóleyjargötu 2,

Vestmannaeyjum.

Vestmannaeyjum 22. apríl 1963.

Hæstvirtur herra dóms- og kirkjumálaráðherra

Bjarni Benediktsson,

R e y k j a v í k .

Tilefni þessa bréfs míns til yðar er viðtal, sem herra Gísli Gíslason, stórkaupmaður, átti við yður í janúarmánuði síðastliðnum fyrir mína hönd varðandi húseign mína .

Gísli bar mér kveðju yðar og það með, að þér kysuð að eiga viðtal við mig, ef ég ætti leið til Reykjavíkur. Nú geri ég ráð fyrir að verða staddur í Reykjavík á tímabilinu 4. - 8. maí næstkomandi, og þætti mér vænt um, ef tími yðar leyfir, að mega hitta yður að máli. Væri mér kært, að þér tilnefnduð tíma, ef aðstæður yðar leyfa á þessum tíma.

Með fyrirfram þakklæti

sendi ég yður kveðjur mínar og óskir um brautargengi í baráttu komandi daga,

Jóhann S. Hlíðar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar. © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svara 29/11

Stykkishólmi 15/11 63

Kæri vinur!

Mínar einlægustu óskir til þín í vandasömu starfi. Ekki síst með örðugleika í sambandi við lausn launadeilna [illegible] hafa annan eins flokk á hælum sér og framsókn blindfullan af ábyrgðarleysi

Ég vona að guð og gæfan geti að þú og okkar menn leysi vandann með sóma eins og svo oft áður. Bið þér svo guðs-blessunar og heimili þínu

Já guð gefi landi og þjóð að verða nú gæfumegin

Þinn vinur Sig Ágústsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stykkishólmi 23 juni 1963

Kari vinur.

Innileg þökk fyrir seinast og allt gott fyrr og síðar. Eg var mjög ánægður með flokksráðsfundinn um daginn og það sem þú sagðir þar. Það er alveg rétt að tala í svona hóp umbúðalaust um málin og kryfja þau til merkjar og víst um það að við lögum ekkert ef við leitum ekki orsaka þess.
Annars var það sem kom mér til að senda þér þessar línur, þau orð sem þu sagðir vegna átvinnuástands þess bygðarlags sem ekki hefði haldið velli og hlytum við því að horfa þangað raunhæfum augum og ríkisstjórnin að athuga um leið hvað hun gæti bætt þar um fyrir okkur.
Þú veist að hér hefir Sigurður haldið okkar merki uppi atvinnulega séð og á honum hefir öll driftin hvílt sem við höfum getað byggt á. Hann er nu langdvölum í burtu og þessvegna verður hann oft að sjá með annara augum sem hann þyrfti að sja með eigin og eins þyrftu fleiri að starfa á þeim vettvangi.
Á síðari árum hefir hagur Sigurðar þrengst, okkur til stórrar ihugunar og þessvegna hefir margt farið þar öðruvísi en æskilegt er. Hann er margbúinn að gefa vonir um fleiri báta og betri rekstur fiskiðjuversins hér, en allt hefir brugðist og i vetur var sú aumasta vertíð hjá honum sem um getur i lengri tíma og alls ekki glæsilegt að ganga til kosninga.
Það sem við höfum því hingað til flotið á er að hinir, þ.e.a.s Kaupfélagið er ekki hótinu skárra ef ekki verra. Enda var aðalfundur þeirra með endemum i vor og fyrirfram ákveðið að láta lýgina tala fyrir kosningar en halda svo fundinn a eftir. Um öll þeirra loforð fyrir kosningar og hvernig kaupfélagið her var notað sem flokksskrifstofa Framsóknar mun ég segja þér a öðrum vettvangi.
Á fundi i Stykkisholmsdeild Kaupfelagsins kom það fyrir sem aldrei hefir áður hent að engir reikningar bárust og hvorugur kaupfélagsstjórinn lét sjá sig hvorki sa sem er á förum né hinn sem tekur við. Aðalfundurinn daginn eftir var með þeim bæ sem einkennir jarðarfarir því í lok hans þegar átti að kjósa stjorn lét kaupfélagsstj nýji þá skoðun í ljósi að sama stjórn yrði áfram og formaðurinn sérstaklega sem er Alexander á Stakkhamri bróðir Gunnars á Hjarðarfelli. Gat þá Guðmundur á Saurum ekki orða bundist og er mér sagt að hann hafi mælt: Eg tel Alexander vel kominn að því að sitja áfram því hann hefir manna mest unnið að því að fa að jarðsyngja Kaupfélagið. Svona var nú andinn þar.
Aðalgjaldkerinn hjá þeim fer nú alfarinn til Reykjavikur og er okkur eftirsjá að honum enda hefir hann verið góður stuðningsmaður okkar. Hann þolir ekki andrúmsloftið Einn skipstjórinn sem hefir verið við kaupfélagið og gamall skipstjóri Sig Ág. sem Sigurður því miður misti í Framsókn, en það er nú önnur saga. Flytur líka til Rvk og tekur með sér einn bát félagsins.
Svona horfa málin við hér í dag. Eg tel því mikla möguleika í dag af okkar hálfu ef við gætum gert eitthvað atvinnulega séð og komið i gang málum sem þurfa til að gefa mönnum betri framtíðartrú og að því langar mig til að vinna.
Eg tel að við þurfum að efla svo aðstöður S Á. sem mögulegt er því það er sá grunnur sem við verðum að byggja á. Heill S.Á. hlýtur að verða heill kauptunsins og Sjálfstæðisfl.
Mér brá í brún þegar ég sá að S.Á hefði ekkert fengið af framkvæmdaláninu nýja og tel það miður farið.
Það er mikill hugur að koma dráttarbrautinni áfram og byggja Skipasmíðastöð út í Skipavík. Þau mál eru nú á döfinni, en því miður hefir ymislegt skeð her í sambandi við gömlu Skipasmíðastöðinni sem hefir valdið miklum vonbrigðum og tortryggni og átti sinn þátt i að gera okkur kosningarbaráttuna erfiða.
Hvernig þau mál leysast má guð einn vita, En vonandi fer allt betur en nu er utlit fyrir. Annars hefði ég haft mikla löngun til að ræða þetta við þig i tómi og segja þér þá allt um hagi okkar hér.
Kaupfélagið varð uppvíst að því á s.l. ári að draga undan 5 milj. rúmar i veltu til söluskatts og þegar við i skattanefndinni áttum að gera okkar seinasta verk að leggja á aðstöðugjöldin, skilaði það mikið lægri veltu en S Á. Þetta þotti okkur grunsamlegt og eftir mikla yfirvegum hækkuðum við félagið i sama og Sig Ág. og þótti Sigurði þetta altof lítið.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kaupfélagið kærði en við heimtuðum betri heimildir fyrir lækkun, fengum hana ekki nema fullyrðingar tómar svo ég talaði um þetta við Skattstofu Reykjavíkur og komu menn þaðan til að líta á veltuna undir yfirskyni endurskoðunar á sölusk. uppgjöf. Sögðu þeir mér strax að ekki hefði vanþörf á verið og skömmu síðar var mér tjáð af fulltrúa Skattstofunnar Hálfdáni Eiríkssyni að mismunur á uppgjöf og staðreyndum væri 5.119.240.00 sem of lágt væri gefið upp. og ætti Kaupfélagið að greiða 180 þúsund meira í söluskatt nema það gæti sannað annað Var Kaupf skrifað og síðan veit ég ekki annað um málið en að nokkru síðar kemur bref frá ríkisskattanefnd þar sem útsvar kaupfél. eða réttarasagt aðstöðugjald er lækkað um 60 þúsund krónur og þá um leið var hér slegið föstu að það sem við í skattan. hefðum gert væri tóm vitleysa. Þessu átti ég bágt með að kyngja og talaði strax við skattstj. á Akranesi og eins ríkisskattstjóra sem enga eða fullkomna grein gátu gert fyrir þessu, en síðan hefir þetta legið í láginni. Í gær þegar ég var að fara heim hitti i Ríkisskattstjóra og talaði alvarlega um þetta mál við hann og eins við fjármálaráðherra.

En svo á sama tíma er einn af okkar ágætu stuðningsmönnum hér Sigurður Sigurgeirsson sem er bifvélavirki og pípulagningarmaður látinn greiða í söluskatt 9000 krónur sem sekt fyrir að hann hafi ekki haft leyfi til að draga neitt undan söluskattsveltu sem frjálst það sem það samrýmist ekki bifvélaverkstaði Ég hefi marg skýrt fyrir ráðamönnum skattamálanna að þegar söluskatturinn var settur á 1960 kom Sigurður til skattanefndarinnar og óskaði eftir vitneskju um af hverju hann ætti að taka söluskatt og hverju ekki, gáfum við honum það upp og m.a. að af því sem hann ynni untan vinnuverkstæðis í húsum að pípulögnum væri söluskattfrjálst.

Ég er margbúinn að ræða þetta mál við skattyfirvöldin og enga skyringu fengið nema það að þessi úrskurður sé fallinn og verði ekki um breytt. Það er sem sagt að hér verðum við að líða það að Sjálfstæðismenn séu látnir borga það sem þeir lögum skv. ekki eiga að borga en lækkað á Kaupfélögunum. Það er svo sem ekki verið að auðvelda okkur baráttuna.

Ég hefi sagt Sigurði að greiða þetta ekki nema til lögtaks kæmi og leggja þá fram þau skjöl sem fram hafa farið milli hans og skattyfirvaldanna en nú verður ekki komist hjá lögtaki og til þess að firra flokkslegri skömm hefir mér komið til hugar að greiða þessa 9000 krónur sjálfur því svona meðferð þoli ég ekki. Hinsvegar er rétt að þú fáir að fylgjast með þessu.

Gunnar lofaði mér að þetta skyldi athugað betur og veit ég að hann gerir það því hann er sá drengur að hann vill ekki annað en réttlæti til allra. Enginn á langri leið hefir reynst mér betur en hann þegar því er að skifta.

En þetta skiftir kanske ekki megin máli. heldur hitt að Ríkissjórnin hjálpi okkur að gera Stykkishólm að sterku vígi Sjálfstæðisstefnunnar svo sem hann altaf hefir verið. Hér eru óþrjótandi verkefni fyrir vinnufúsar hendur og ég tel miður farið ef við ekki gætum sameinast um góð úrræði.

Og ef Sigurði Ágústssyni er hjálpað í sínum atvinnurekstri mun af því spretta allt gott til íbúanna hér og þá getum við talað fullum hálsi og gert átök fyrir flokkinn, því vissulega er það staðreynd sem talar skýrara máli eftir því sem lengra líður að flokkurinn er það vopn í baráttu þjóðarinnar fyrir alhliða velmegun sem hún á dýrmætast í dag.

Þú athugar svo allt kæri vinur, og skilur í hvaða tilgangi þessar línur eru skrifaðar, einungis flokk okkar og vígstöðu til góðs. Ég hefi ætíð hugsað hvað best væri fyrir flokkinn og reynt að vinna honum það sem ég hefi megnað og í því aldrei talið eftir sporin. Besta greiðslan til mín fyrir þá baráttu er að sjá veg hans aukast og um leið veg þjóðarinnar. Engin borgun er dýrmætari.

Innilegustu kveðjur á þitt góða heimili.

Þinn einl. vinur

Árni Helgason

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar. © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hátúni 41.
10. júní 1962.

Hr. Bjarni Benediktsson,
ráðherra.

Ef úrslitunum í þessum kosningum verður þannig, að ekki verði hægt að mynda starfhæfa stjórn, tel ég hyggilegt að þú gangir aftur [illegible] fjármálavandanum. Framsóknar- [illegible] fái ekki nú aðrar kosningar. Efnahagsbandalagsmálið, [illegible] á erfiðleikum stjórnarflokkanna, og fólk vill yfirleitt ekki Framsókn í stjórn nú.

Virðingarfyllst

Kristján Guðmundsson

Einkabréf.

Vestmannaeyjum, 5.febr. 1963.

Herra
dómsmálaráðherra Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Svo er mál vaxið ,að ég hefi í hyggju að segja af mér skólastjórastöðunni hér á þessu ári eftir 36 ára starf. Sparisjóður Vestmannaeyja þarf starfskraftanna við ,þ.e.a.s. þess ,sem eftir er af þeim. Hann er vaxandi stofnun.

Nú stendur næst mér Sigfús Johnsen tengdasonur minn að taka við stöðu minni. Hann er eini kennarinn ,sem er því vaxinn að mínum dómi og hefur verið lengst kennari við skólann og yfirkennari nú seinustu tvö árin.

Hins vegar er hann ekki flokksbróðir menntamálaráðherra,heldur í flokki yðar. Nú eru kosningar framundan og því allt í óvissu í stjórnmálunum.

Nú veit ég ekki samband yðar Gylfa menntamálaráðherra.

Vitað er með vissu samkv. bréfi fræðslumálastjóraskrifstofunnar,að mér ber að segja upp stöðunni með 3 mánaða fyrirvara miðað við 1.sept.

Mig langar til að biðja yður að gjöra svo vel að segja mér ,hvort statt muni vera á þessum gjörðum:

Ég segi upp stöðunni í næsta mánuði. Síðan auglýsi fræðsluráð hér stöðuna með hæfilegum umsóknarfresti og Sigfús verði settur í hana áður en kosningar eiga sér stað.-Allar aðrar aðstöður þætti mér vænt um að þér kynntuð yður hjá Guðlaugi alþingismanni.

Þætti mér vænt um að fá línu frá yður við fyrsta tækifæri .

Virðingarfyllst

Þorst. Þ. Víglundsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til Dómsmálaráðherra!                                        Rvik 20/2 1963.

Ég undirritaður leifi mér hérmeð vinsamlegast að fara þess á leit við hæstv. Ráðuneiti að það veiti mér náðun á Dómi 22/9 1960 þar sem ég er sviftur ökuleifi æfilángt. Ég er haltur á öðrum fæti vegna lömunarveiki er ég fékk á uppvaxtar árum mínum og á þessvegna erfitt með gáng. Við erum að byggja nýtt vélaverkstæði í Síðumúla sem er um það leiti að taka til starfa og mun ég þá hætta á Skúlagötu 15. og hefja starf þar og mun mér þá reinast ókleift að komast að og frá vinnu stað í mat osfr nema ég geti keirt minn eigin Bíl sem ég hef átt undanfarin ár en ekki mátt keira. Ég lofa því að viðlögðum drengskap að ég mun ekki keira Bíl undir áhrifum áfengis aftur ef þér sýnið mér þá mikla velvild að verða við þessari beiðni minni

Virðingarfyllst
pr Valdimar Kristjánsson
Kleppsholtsveg 53(?)
Geir Jónsson
Hverfisgötu 49.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar. © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr form Sjálfstætisflokksins Bjarni Benediktsson
um leit og ég þakka þér hjartanlega fyrir
það sem þú hefur gert fyrir mig bæði fyrr og
síðar þegar mér hefur legið mest á langar mig
mjög mikit til at biðja þig at muna vel þennan
mátunarmanni Valdimar er sonur Kristjáns sál
Gíslasonar Vélsmiðs sem átti Vélaverkstæðið Nýlendugötu 15 í 30-40 ár sem synir hans 3 eiga nú
ásamt móður sinni Ingibjörgu Árnadóttir þeir
eru at stækka það mjög mikið og endurbyggja í
Síðumúla. Gísli gamli Kristjánsson Skipasmiður
faðir Kristjáns sál var góður vinur Björns sál
Jónssonar Skipstjóra í Ánanaustum enda áttu
þeir heima rétt hver hjá öðrum, um lengi ára
Gísli á Vesturgötu 59. þessir gömlu og góðu
Vesturbæingar hafa altaf kosið Sjálfstæðisflokkinn og eru traustir liðsmenn hans.

Lifðu heill

Valdimar er fæddur 30/10 1925 í Rvík

Theódór Jónsson
Hverfisg 49.

Lagarfelli 24. jan. 1963

Góði vinur!

Ég var á aðalfundi Sjálfstæðisfél. á Norðfirði í fyrrakvöld. Sá fundur var ágætur, óvenjufjölsóttur þar og a. m. k. 1/3 hluti konur. Ég fór með hraðbréf í póst til þín frá Ófeigi. Hann var búinn að tala við kjördæmisstjórnarmenn flesta. En það mun koma fram í hans bréfi að aðeins láti þeir kyrrt liggja um stuttan tíma með þingsetuskiptin, helzt ekki meira en hálfan mánuð. Þá er spurningin hvort Einar telur sig að nokkru bættari með því. En eins og öll þessi mál liggja, getur aðeins orðið um stuttan tíma að ræða. Ég sendi þér, með þessu bréfi, bréf til forseta Neðri deildar um fjarveru mína. Þau störf, sem ég vitna þar til eru endurskoðun hjá Verslunarfél. Austurlands, sem ég á eftir fyrir 2 s.l. ár að mestu.

Ég hefi mikið hugsað um fjármál, kjaramál o.s. frv. Ég kemst meira og meira á þá skoðun að gengishækkun hefði nú verið tímabær, um ca 5-8 % t.d. og þá vaxtalækkun um t.d. 1/2 %. Ekki af föstum lánum þó. Það er óþolandi þessi verðbólguhugsunarháttur og eina leiðin til að hafa áhrif á hann, er að gera ljóst að ekki er öruggt að treysta á endalausar gengislækkanir. Engin ráðstöfun hygg ég að yrði jafn vinsæl með almenningi í landinu og þetta væri áþreifanlegasta sönnunin fyrir batnandi hag. Ég hefi áður bent á að erfit-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

asta atriðið í næstu kosningum yrði hið háa verðlag. Öll hreyfing í átt til verðlækkunar, skapar samúðaröldu með stjórnarfarinu. Þetta yrði liður í kjarasamningunum, ætti að hafa áhrif á samn. við opinbera starfsmenn. Fiskverðið hefir þó líkl. verið úrskurðað of hátt. Hag ríkissjóðs á að sjá borgið með lækkandi niðurgreiðslum. Þetta snertir óþægilega þá skuldugu – en þeir eiga ekki alltaf réttinn. Ég velti fyrir mér: ef gengislækkun er læknisráð í vissum tilfellum, hví er ekki gengishækkun einnig ráð í öðrum tilfellum? Eða eru öfl verðbólgubrasksins óviðráðanleg?
Margt fleira mætti og þyrfti um þetta að segja, en ég læt þetta nægja, – minntist á þetta við Ólaf o.fl. á dögunum. – Aðstaðan til að tala djarft í síma er ekki örugg, – án þess að ég tortryggi á nokkurn hátt símaþjónustuna hér. E. t. v. hringi ég í Ólaf Thors nú brátt – bið aðeins um númerið – því er minni athygli veitt.

Baldur á Eiðum er mjög óánægður með að Einar komi inn – en hann er sá duglegasti hér að vinna fyrir flokkinn.

Ég læt þetta spjall nægja núna, en margt er það, sem ég vildi koma að og tve því vegamálin efst.

Með beztu kveðju
Jónas Pétursson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Þjóðminjasafn Íslands*

minntist þess hinn 24. febrúar 1963, að þá voru liðin 100 ár frá stofnun þess.

Í tilefni af afmælinu lét safnið gera minnispening úr bronsi. Á framhlið hans er vangamynd Sigurðar Guðmundssonar málara, sem var hvatamaður að stofnun safnsins og umsjónarmaður þess til dánardægurs. Myndin er gerð eftir sjálfsmynd Sigurðar í Þjóðminjasafni. Á bakhlið er skrautverk gert eftir útskurði á spónastokki, Þjms. 26, sem er einn þeirra 15 hluta, er Helgi Sigurðsson, síðar prestur, gaf landinu með þeim fyrirmælum, að verða skyldu vísir að forngripasafni á Íslandi.

Minnispeningurinn er eftir listamanninn Harald Salomon í Kaupmannahöfn og er gerður í 100 eintökum.

Í nafni Þjóðminjasafns Íslands leyfi ég mér að afhenda yður eitt eintak af minnispeningi þessum.

Reykjavík, í febrúar 1963.

Kristján Eldjárn

*þjóðminjavörður.*

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar. © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rvík. 17/3 -'63

Hæstvirtur kirkjumálaráðherra
Bjarni Benediktsson.

Vér viljum flytja yður vorar innilegustu þakkir fyrir þátttöku yðar í hátíðahöldunum í tilefni af 60 ára afmæli Sunnudagaskóla K.F.U.M. og vinsamleg ummæli um starfið.

Vér metum mikils þá vinsemd til starfs félaga vorra, sem þér hafið ávalt sýnt fyrr og síðar.

F.h. starfsfólks Sunnudagaskóla K.F.U.M.
Ástráður Sigursteindórsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Justitieminister och Fru Bjarni Benediktsson
REYKJAVIK

Härmed ber jag att få framföra mitt varma tack för all den gästfrihet, som kom mig till del under de minnesrika dagarna för de nordiska familjerättskommittéernas möte i Reykjavik, och alldeles särskilt för den trevliga middagen den 24 juni.

Eder tillgivna

Med dr Tage Larsson
Karlbergsvägen 44, II
STOCKHOLM VA

Stockholm den 6 juli 1963

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur



# SÍMSKEYTI

FRÁ Reykjavík NR. 15462

12 ORÐ 30/4 1963. KL. 1850

Bjarni Benediktsson, dómsmálaráðherra
Háuhlíð 14,
Reykjavík.

Innilegar hamingjuóskir með daginn.

Helgi Hallvarðsson.



LITHOPRENT H.F.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur